

Fundargerð

203. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 24. okt. 2018 kl. 13.30 á Furuvöllum 1, Akureyri.

Dagskrá:

1. Nýir fulltrúar í heilbrigðisnefnd boðnir velkomnir til starfa

Anna Rósa Magnúsdóttir og Lilja Guðnadóttir eru nýir fulltrúar í heilbrigðisnefnd og þær boðnar velkomnar til starfa

2. Fundargerð síðasta fundar var borin upp til kynningar, samþykkt og undirrituð

3. Fjárhagsáætlun 2019, uppfærð útgáfa

Alfreð Schiöth framkvæmdastjóri kynnti fjárhagsáætlun 2019. Áætlunin byggir á forsendum Akureyrarbæjar og gert er ráð fyrir 4.01% hækkun frá fyrra ári. Kostnaður vegna nýrrar embættisbifreiðar dreifist á árin 2018 og 2019. Heilbrigðisnefnd samþykkir framlagða fjárhagsáætlun fyrir árið 2019.

4. Kynning á helstu lögum sem heilbrigðisnefnd starfar eftir, hlutverk heilbrigðisnefnda, Umhverfis- og Matvælastofnunar og samstarf við önnur yfirvöld

Alfreð Schiöth framkvæmdastjóri kynnti helstu lög og reglur sem heilbrigðisnefndir, Umhverfisstofnun og Matvælastofnun vinna eftir og kynnti starfsemi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og nefndi dæmi um málefni og farvegi til úrlausnar ef og þegar ágreiningsefni koma upp.

5. Endurbætur á gjaldskrá HNE (dráttar- og geymslugjöld vegna skráningarskyldra ökutækja án skráningarmerkja og tækjum og lausamunum)

Alfreð Schiöth framkvæmdastjóri kynnti fyrirhugaðar viðbætur í gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra vegna kostnaðar sem fellur til vegna flutnings og geymslu á skráningarskyldum ökutækjum sem eru í reiðuleysi og án skráningarmerkja ásamt öðrum yfirgefnum tækjum og lausamunum. Tillagan er unnin í samráði við bæjarlögmann Akureyrarbæjar. Heilbrigðisnefnd samþykkir fyrirhugaða viðbót við gjaldskrá, þ.e. dráttargjald kr. 25.000,- og geymslugjald kr. 1.000,- á dag í allt að 45 daga. Þessi viðbót í gjaldskrá heilbrigðisnefndar gildir hjá öllum sveitarfélögum á starfssvæði heilbrigðisnefndar.

Umsagnir:

1. Þingey og Skuldaþingsey í Skjálfafljóti, deiliskipulag, tillaga

Porkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn þar sem m.a. er bent á leiðir varðandi fráveitulausnir og mikilvægi þess að lagmarka umhverfisáhrif vegna framkvæmda.

2. Einbúavirkjun í Skjálfandafljóti, umsögn vegna tillögu að matsáætlun

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn þar sem m.a. er bent á mikilvægi þess að lagmarka umhverfisáhrif vegna framkvæmda.

Umhverfismat vegna áforma um Einbúavirkjun er í vinnslu.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. SS Byggir ehf kt. 620697-2519, umsókn um starfsleyfi fyrir framleiðslu á steiptum einingum að Rangárvöllum, 600 Akureyri. **Umsókn er hafnað þar sem ekki liggur fyrir leyfi skipulagsyfirvalda til breyttrar húsnótkunar.**
2. Guðrún Agnarsdóttir kt. 020641-3639, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á frístundahúsi að Skriðu í Svarfaðardal, 621 Dalvík. **Samþykkt til 12 ára.**
3. Helgi Jóhannsson, kt. 030759-5919, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi fyrir sumarhúsin Sílastöðum II, 601 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
4. Bakkabjörg ehf kt. 670218-1470, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi fyrir gisti- og veitingaþjónustu að Húsabakka í Svarfaðardal undir nafninu „Húsabakki Guesthouse“. **Samþykkt til 12 ára.**
5. Hjallasel ehf kt. 410716-0460, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi fyrir útleigu á frístundahúsi undir nafninu Götusel í landi Syðri-Haga 621 Dalvík. **Samþykkt til 12 ára.**
6. Elísabet Fjóra Þórhallsdóttir kt. 010567-4169, umsókn um starfsleyfi fyrir gististað í flokki II að Smáratúni 1, Svalbarðseyri, 601 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
7. Akureyrarbær, umhverfismiðstöð Rangárvöllum, kt. 410169-6229, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi fyrir dýrageymslu fyrir hunda, ketti og önnur gæludýr. **Samþykkt til 12 ára.**
8. Löður ehf, kt. 580912-0280, umsókn um starfsleyfi fyrir sjálfvirka bílaþvottastöð, Hörgárbraut 20, 600 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
9. K5 Holding ehf, kt. 670317-0720, Gilsbakkavegi 7, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir innflutningi á bjór og öðru áfengi til endursölu. **Samþykkt til 12 ára.**
10. Flugleiðahótel ehf, Hótel Edda Akureyri, kt. 621297-6949, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt til 12 ára.**
11. DentAk ehf kt. 520717-0480, Skessugili 18-101, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir tannsmíði. **Afgreiðslu frestað.**
12. Sg hár og snyrtistofa, kt. 600515-0630, Hólabraut 13, 600 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
13. Fasteignafélagið Sólheimar ehf. kt. 570304-2590, starfsstöð að Iðavöllum 11, 640 Húsavík, lögheimili að Unnarsbraut 3, 170 Seltjarnarnesi Fl II-Gististaður án veitinga- Endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
14. Stórutjarnaskóli kt. 700573-0289, Kjarna 650 Laugar. Fl. III gististaður með veitingum, þó ekki áfengisveitingum- Endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**

Önnur mál:

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 15.10

Jón Ingi Cæsarsson

Alfreð Schiöth

Anna Rósa Magnúsdóttir

Þorkell Björnsson

Lilja Guðnadóttir

Þórey Agnarsdóttir

Benedikt Kristjánsson

Steinn Oddgeir Sigurjónsson